

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0011
SS

Efni: Umsögn um tilkynningu Hábrúnar á breytingu á hvíldartíma eldissvæðis í Skutulsfirði

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 7. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu Hábrúnar ehf. um breytingar á hvíldartíma eldissvæðis fyrirtækisins í Skutulsfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni. Breytingin á hvíldartíma sem er áætluð er veruleg, eða úr 12 mánuðum í 3 mánuði. Slíkri breytingu fylgir óneitanlega aukning á umsvifum fiskeldisins hverju sinni, og þar með álagi á umhverfið sem starfsemin veldur. Í tilkynningunni er einkum fjallað um lífræna mengun sem fellur á sjávarbotn. Vísað er í að vöktun á ástandi sjávarbotns hingað til hefur ekki bent til þess að lífræn mengun sé að valda neikvæðum áhrifum nema á mjög staðbundinn hátt. Það útilokar ekki að aukið umfang starfseminnar geti haft meiri, hraðari og víðtækari áhrif. Mikilvægt er að það sé skoðað að mati Náttúrufræðistofnunar hver þau áhrif gætu verið, en aðrar fagstofnanir t.d. Hafrannsóknarstofnun búa yfir víðtækari sérþekkingu en Náttúrufræðistofnun um áhrif lífrænnar mengunar í sjó og því betur til þess fallnar að úrskurða um hvers konar viðbótarvöktun eða rannsóknir þyrfti til að meta áhrif breytingarinnar, og þá jafnframt hvort þörf sé á sérstöku umhverfismati sökum þess.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á mikilvægi þess að lagt sé mat á áhrif vegna mögulegrar aukningar á annarri mengun eða truflun vegna aukins umfangs starfseminnar. Þar má nefna hljóð- og ljósmengun, loft- og efnamengun (sem og truflun fyrir dýralíf) vegna aukinnar bátaumferðar sem þjónustar eldissvæðið og mögulega aukningu á plastmengun frá starfseminni sem getur borist í hafið. Ef þörf er á umhverfismati fyrir framkvæmdina á breytingu hvíldartíma þá ætti að skoða þessa þætti einnig.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

